

## Fjarfundur hjá Velferðarnefnd LEB 27. janúar 2022 kl 10.00

Mættir: Dagbjört Höskuldsdóttir, Katrín Fjeldsted, Ómar Kristinsson og formaður LEB Helgi Pétursson.

### Dagskrá:

1. **Umræður um stöðu málefna eldra fólks miðað við ályktun síðasta aðalfundar LEB**
2. **Hvernig er almenn staða eldra fólks í faldrinum**
3. **Undirbúningur að vinnu við ályktun fyrir næsta aðalfund**
4. **Afgreiðsla á tveimur erindum sem hafa borist frá alþingi**
  - a. Þingið hefur óskað eftir umsögn um *drög að um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða*. Sjá meðfylgjandi skjal.
  - b. *Landsráð um mönnum og menntun í heilbrigðisþjónustu* hefur óskað eftir að funda með fulltrúum LEB og fá að heyra ykkar áherslur og sjónarmið hvað varðar verkaskiptingu milli heilbrigðisstétta. Þess er óskað að þið tilnefnið 2-4 fulltrúa frá ykkur til að funda með okkur í landsráði. Áætlaður fundartími er *mánudaginn 31. janúar kl. 14-14.45*.
5. **Önnur mál**

1. Dagbjört fór lauslega yfir ályktunina frá því í fyrra og sagði að hún sæi ekki mikið hafa gerst síðan á aðalfundinum, nema þá þessa þingsályktunartillöguna sem yrði til umræði síðar á fundinu, sem væri á margan hátt góð. Ómar tók undir að lítið virtist hafa gerst.

2. Helgi sagði að alltaf væri verið að berjast um viðhorf fólks. Það væri eins og fólk hefði á margan hátt vaknað af vondum draumi, í gangi væri almenn umræða um líðan eldra fólks en spurningin hvað væri verið að gera ?

Ómar sagði að hjá félagi eldri borgara í Kópavogi yrðu þau vör við að eldra fólk hringir og kvartar yfir einangruninni, fólk fái ekki að taka þátt í félagsstarfi og alla vega þar ekki mæta í mótuneyti. Margir eru að einangra sig sjálfviljugir og eru núna skíthræddir við afléttingarnar.

Dagbjört tók undir það og sagði að þarna væri svolítið erfitt, fólk leitt yfir einangrun en um leið hrætt við að allt verði opnað á ný.

Helgi – almenn viðþorf eru á þennan veg – og einangrun verið staðreynd margra.

3. Aðalfundur verður 3. maí næstkomandi svo að við höfum góðan tíma til að vinna að ályktuninni. Dagbjört talaði um að við reyndum að hittast í febrúar og byrja vinnu að aðlyktuninni.

4. Erindi 1. Varðandi fjarfund Landráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Fundarmenn vissu lítið um málið, hverjir eru í þessu Landsráði eða hvað það væri. Helgi ætlar að fela starfsmönnum að athuga nánar um það, en við gerum ráð fyrir að kíkja á þennan fund á mánudag.

Erindi 2. Óskað er eftir umsögn um drög að mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónsutu við aldraða.

Þetta er í formi þingsályktunartillögu og fylgir greinagerð. Þetta byggir á starfi sem fyrrum heilbrigðisráðherra vann að og sá núverandi virðist ætla að halda áfram með sem betur fer. Það byggir á samþykktri heilbrigðisstefnu sem samþykkt var í tíð Svandísar og er unnin útfrá þeirri stefnu.

Dagbjört fór lauslega yfir málið, margt ágætt en mikið um að gera úttektir og nýja valkosti, talað um nauðsyn samþættrar þjónustu sem við höfum eimitt lagt áherslu á. Talað er um nauðsyn stuðnings við aðstandendur aldraðra sem annast sitt fólk en ekki hvers eðlis sá stuðningur skuli vera. Er gott mál en hver á að borga það? Minnst á þörf geðlæknisþjónustu sem einmitt við lögðum áherslu á í ályktuninni frá í fyrra, Dagbjört minntist á að margir aldraðir þyrftu að gera upp gömul sár og drykkja væri vandamál margra. Í þingsályktunartillögunni er talað talsvert um velferðartækni. Það er auðvitað eitt af þeim málefnum sem LEB hefur barist fyrir – en við þurfum að minna enn og aftur á að ekki eru allir nægjanlega tölvulæsir og alltaf verður veikast hópurinn ófær um að nýta sé þær lausnir og verða þá upp á aðra komnir, sem oft eru reyndar óhjálpslegir.

Það er talað um gæði í fyrirúmi, þörf kannana á gæðum þjónustunnar og að gert verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um samæmda skráningu og upplýsingamiðlun í þjónustu við aldrað fólk. LEB hefur oft minnst á nauðsyn þess að þessi þjónusta verði samræmd og vont sé að ekki sé sami aðili sem skipuleggur þjónustuna hjá neytendum hennar.

Síðasti kaflinn heitir hugsað til framtíðar og er þar uppistaðan mikil þörf á aukinni velferðartækni og að áhersla verði lögð á nýsköpun og vísindi í þjónustunni við aldraða. Og að stofnað verði Nýsköpunar-rannsóknar-og þróunarsetur. Dagbjört sagði þetta athyglisvert en hún vissi ekki hvað þetta raunverulega snérist um, rætt um stuðning við þróunarvinnu, nýsköpun, rannsóknir og miðlun upplýsinga. Dagbjört sagðist vona að þetta væri ekki bara enn ein silkihúfan eða nefndin, nóg væri komið af þeim. En í síðustu grein í greinagerðinni er sagt: Ekki er búist við að tillagan ein og sér leiði til aukins kostnaðar – en einstaka aðgerðir geti það en verði þá tímabundin. Svóltið undarlegt því mjög margt af þessu virðist geta kostað talsvert ef að aðgerðir fylgja máli

Katrín þarf að yfirgefa fundinn en er búin að lesa yfir. Hún sagði að það sem stingi hana mest væri einmitt þetta – að enginn kostnaður virtist eiga að fylgja þessu. Hun minntist á nauðsyn þess að málefni aldraðra heyrðu ekki undir mörg ráðuneyti eins og nú er. Hún sagði að sem gamall sveitarstjórnarmaður fyndist henni að flest þessi málefni ættu að vera á verksviði sveitarfélaganna, þar væri námdin og auðveldara að tengja saman þjónustuna.

Helgi sagðist hafa átt fund með heilbrigðisráðherra og hann væri fullur vilja til að þoka málum áfram.

Almenn umræða og samþykkt að reyna að koma á annan fjarfund í næstu viku og hjálpa til við að semja svar inn í samráðsgattina.

Engin önnur mál rædd. Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Dagbjört Höskuldsdóttir .